

FLOKKUM



Sorphirða frá íbúum í Bolungarvík

Aukahólfum verður komið fyrir
í núverandi sorphirðutunnum við hús
í Bolungarvík þann **31. maí** n.k.
Byrjum **1. júní** að flokka



Þjónustuaðili sorphirðu


Kubbur

kubbur@kubbur.is / 456 4166



Bolungarvíkurkaupstaður

bolungarvik@bolungarvik.is / 450 7000



Tvær tunnur – fjögur hólf Svona flokkum við:

Aukahólf sem setja skal í tunnurnar við heimilin verður komið fyrir í núverandi sorphirðutunnum þann **31. maí** og **flokkun byrjar 1. júní**.

- Í aðra tunnuna fer **almennt sorp og lífrænn úrgangur**
- Í hina tunnuna fer **pappi/pappír og plastumbúðir**



Í tunnu fyrir blandaðan úrgang fer m.a:

- Blautklútar
- Bleyjur
- Dömbubindi
- Ryksugupokar

Einnig verður hægt að nálgast poka og körfur undir fyrir lífrænan úrgang sem auðveldar flokkun innandyra hjá þjónustuaðila á Ísafirði.



Í hólf fyrir matarleifar fer m.a:

- Matarleifar
- Kaffikorgur
- Eldaðir kjöt- og fiskiafgangar
- Eggjaskurn



Í tunnu fyrir pappír og pappa fer m.a:

- Dagblöð
- Pappírsumbúðir
- Bréfpokar
- Pizzakassar



Í hólf fyrir plastumbúðir fer m.a:

- Snakkpokar
- Plastfilma
- Plastpokar
- Sjampóbrúsar



Málmumbúðum, glerumbúðum og textíl er safnað saman á grenndarstöð við áhaldahús.

Móttökustöð Bolungarvíkurkaupstaðar er á gámasvæði við áhaldahús bæjarins, Tjarnarkambi 1. Þar er tekið á móti öllum flokkum úrgangs. Greiða þarf fyrir blandaðan / grófan úrgang samkvæmt gjaldskrá. Móttökustöðin er opin þrisvar í viku: Mánudögum, miðvikudögum og föstudögum frá kl. 15 – 18:30

Einnig er opið á laugardögum yfir sumartímann frá kl. 10 – 14.

Frekari upplýsingar um sorphirðu og flokkun er hægt að nálgast m.a. hjá:

<https://www.bolungarvik.is>

<https://www.kubbur.is>

<https://fenur.is>

<https://www.sorpa.is>